



# FÉL3F05 Afbrotafræði

Námsáætlun, vorönn 2023

**Kennari/kennarar:**

Magnús Einarsson

**Netfang/netföng:**

[magnus.einarsson@borgo.is](mailto:magnus.einarsson@borgo.is)

**Lýsing:**

Í áfanganum er leitast við að kynna helstu kenningar, sjónarhorn og viðfangsefni afbrotafræðinnar, eða á því sviði sem kallast félagsfræði frávik. Ekki eru öll frávik afbrot, en vissulega eru öll afbrot frávik (deviance). Þótt aðallega verði fengist við afbrotafræði (criminology) verður athyglinni einnig beint að sakfræði (criminal justic). Með afbrotafræði er átt við umfjöllun um tíðni og eðli afbrota í samfélaginu. Í þessu samhengi verða helstu kenningar afbrotafræðinnar um ástæður afbrota kynntar. Með sakfræði er átt við það þegar sakfræðingar fjalla um réttarvörslukerfið sjálft, s.s. hlutverk lögreglu, dómstóla og fangelsa. Eitt meginmarkmið áfangans er að fá nemendur til að skynja afbrot sem hluta af félagslegu umhverfi. Rætt verður um umfang afbrota í íslensku samfélagi og sakamál skoðuð út frá mismunandi sjónarhornum. Grundvallarspurning áfangans má orða svona: „Er það svo að félagslegt umhverfi ýti fólki út í afbrot?“ Ef svo er, hvernig má skýra það, og hvaða afleiðingar hefur svarið fyrir viðhorf okkar til afbrota og refsinga?

**Þekking, leikni, hæfni:**

- kunnir skil á helstu sjónarhornum og kenningum afbrotafræðinnar
- geti beitt kenningum afbrotafræðinnar á valið efni; aðstæður, hegðun, texta eða kvikmynd
- átti sig á muninum á frávikum og afbrotum
- kunnir að varast þá fordóma sem spretta upp í kringum umræðu um félagsleg frávik
- geti hagnýtt sér upplýsingar úr opinberum skýrslum til samanburðar á mismunandi afbrotaflokkum og mismunandi tíðni milli ára eða áratuga.
- geri sér glögga grein fyrir samfélagslegu samhengi afbrota og dómsmála
- geti framkvæmt sjálfstæða heimildarannsókn á afmörkuðu sviði í tengslum við afbrot eða refsingar

**Námsmat:**

Próf (14%)

Verkefnahefti (4x6%)

Verkefni um hegningarlög (10%)

Kvikmyndaverkefni (3x6%)

Kynningarverkefni (2x12%)

Verkefni um afbrotaflokk (10%)

**Námsgögn:**

FÉL3F05. Afbrotafræði. LESHEFTI. Háskólaprent.

FÉL3F05. Afbrotafræði. VERKEFNAHEFTI. Háskólaprent.

Nemendur kaupa lesheftið og verkefnaheftið í gegnum vefverslun Háskólalprents.

**Aðrar mikilvægar upplýsingar:**

Áfanginn er fimm feiningar – það felur í sér að nemandi getur áætlað að heimanám verði að meðaltali um tvær klukkustundir á viku. Undir heimanám fellur að lesa reglulega í kennslubókinni fyrir hverja kennslustund.

Mikil áhersla er á verkefnavinnu í kennslustundum og á þetta við um vinnu í verkefnaheftinu.

Mikilvægt er að mæta bæði með leshefti og verkefnahefti í kennslustundir.

Símanotkun í kennslustundum er almennt ekki leyfileg nema kennari gefi sérstakt leyfi til þess.

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	5.-6. janúar	Kynning á áfanga.	
2	9.-13. janúar	Hvað eru frávik? Hvað eru afbrot? Hvað er réttarríki?	
3	16.-20. janúar	Sjónarhorn og viðfangsefni afbotafræðinnar. Líffræðilegar kenningar um afbrot.	
4	23.-27. janúar	Síðrofs- og álagskenning. Kenning um félagsmótun (aðgreinandi tengsl).	<b>Mynd 1</b> <b>Skil 1</b>
5	30. jan- 3. febrúar	Taumhaldskenningar. Kenningar um menningarkíma.	
6	6.-10. febrúar	Stimplunarkenningar. Átakasjónarhorn. Femínismi.	<b>Próf</b> Skóhlífadagar <b>Skil 2</b>
7	13.-17. febrúar	<i>Boyz N the Hood</i> og kenningar í afbotafræði.	Vörðuvika I <b>Mynd 2</b>
8	20.-23. febrúar	Kynningarverkefni 1.	Vorannarhlé
9	28. febrúar- 3. mars	Kynningarverkefni 1.	
10	6.-10. mars	Tegundir afbrota og afbrotatölfræði.	
11	13.-17. mars	Tegundir afbrota og afbrotatölfræði.	<b>Skil 3</b>
12	20.-24. mars	Almenn hegningarlög.	Vörðuvika II
13	27.-31. mars	Almenn hegningarlög.	Valdagur
14	3.-11. apríl	PÁSKALEYFI	
15	12.-14. apríl	Afbrotaflokkur.	
16	17.-21. apríl	Afbrotaflokkur.	Sumardagurinn fyrsti <b>Mynd 3</b>
17	24.-28. apríl	Afbrotaflokkur.	<b>Skil 4</b>
18	1.-5. maí	Kynningarverkefni 2.	Dagur verkalýðsins
19	8.-12. maí	Kynningarverkefni 2.	
20	15.-16. maí	Einkunnaskil.	Síðasti kennsludagur/ Varða III

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.

Með von um farsæla önn,

Magnús



Borgarholtsskóli